

VI. Tillaga til 407. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 2. nóvember 2017

Tillaga 991. fundar bæjarráðs, frá 16. október sl., um að bæjarstjórn tilnefni einn aðila í verkefnastjórn verkefnisins Brothættar byggðir.

7. Brothættar byggðir - 2014090062

Lagður er fram tölvupóstur Sigríðar K. Þorgrímsdóttur, þróunarsviði Byggðastofnunar, dags. 11. október sl., þar sem farið er yfir fyrstu skref verkefnisins Brothættar byggðir sem hefst á Þingeyri í vetur.

Bæjarráð vísar beiðninni um tilnefningu Ísafjarðarbæjar um einn aðila í verkefnastjórn verkefnisins Brothættar byggðir, til bæjarstjórnar. Jafnframt óskar bæjarráð eftir tilnefningum frá Hverfisráði Dýrafjarðar - Íbúasamtökunum Átaki, um tvo fulltrúa í verkefnastjórn verkefnisins.